

Notast verður við mælikvarðana:

Mjög sammála – frekar sammála – hvorki né – frekar ósammála – mjög ósammála

Ég er

Kk

Kvk

Ég starfa sem

Kennari

Leiðbeinandi

Önnur störf

Frumkvæði um stjórnun

Forysta um stjórnun:

Reikna starfsmenn með forystu skólastjóra?

Veitir skólastjóri slíka forystu?

Kemur skólastjóri fram með hugmyndir og gerir tillögur um fyrirkomulag?

Metnaður:

Sýnir skólastjóri (stjórnendur) metnað í starfi?

Er starfsmönnum ljós metnaður skólastjóra (stjórnenda)

Eru nemendur og foreldrar meðvitaðir um metnað skólastjóra (stjórnenda) fyrir hönd starfseminnar?

Er markvisst unnið að því að efla starfsmenn til metnaðar fyrir hönd starfseminnar?

Samstarf um stjórnun:

Er skilgreining hlutverka og umboðs skýr af hálfu skólastjóra?

Liggur fyrir formleg verkaskipting milli aðila (skólastjóra, aðstoðarskólastjóra, deildarstjóra og stigsstjóra) að því er varðar stjórnunarverkefni?

Er starfsmönnum og nemendum ljós gildandi verkaskipting?

Virgni og viðmót við stjórnun:

Er skólastjóri sýnilegur í vinnunni og aðgengilegur fyrir nemendur og starfsmenn?

Er skólastjóri virkur í að halda fram upplýsingum og nýrri þekkingu?

Er skólastjóri hvetjandi og jákvæður í viðmóti?

Hefur skólastjóri jákvæða nánd? (Á einkum við starfsmenn)

Mætir skólastjóri nemendum og foreldrum með jákvæðum hætti?

Er skólastjóri kröfuharður við sjálfan sig og væntir þess að allir leggi sig fram?

Beitir skólastjóri hrósi og umbun með áhrifaríkum hætti?

Stjórnunarskipulag

Skipulagning stundaskrár og nýting skólatíma

Liggur fyrir sýnileg skilgreining forgangsatriða við gerð stundaskrár?

Fá nemendur, nám þeirra og velferð ótvíræðan forgang við gerð stundaskrár?

Er stundaskrá skýr og skilvirk þannig að nemendur hafi t.d. samfelldan vinnutíma og hóflegar milliferðir?

Er markviss skipulagning á forfallakennslu þannig að nemendur njóti þjónustu skólans þrátt fyrir veikindi einstakra kennara?

Er lögbundinn námstími nýttur til skipulagðs starfs nemenda og óskipulögð frávík eða frí lágörkuð?

Starfsmannastjórnun:

Er skipulega unnið að því að tryggja velferð starfsmanna og bæta aðbúnað á vinnustað?

Liggur fyrir skilgreining á aðferðum til að meta starfshæfni kennara og sanngjarnt ferli til að bregðast við frávikum (vettvangsaðstoð/jafningjastuðningur)?

Er unnið að því að efla starfsmenn til góðra verka?

Liggur fyrir skilgreind starfsmannastefna sem útfærir stöðu starfsmanna, réttindi hans og hvernig skólinn kemur til móts við þarfir starfsmannsins og ófyrirséða atburði í lífi hans?

Liggur fyrir sýnileg jafnréttisstefna og stefnumótun sem tryggir starfsmönnum vörn gegn yfirgangi, einelti eða ofbeldi og leiðsögn varðandi meðferð kvartana?

Endurmenntun og starfsmenntun.

Liggur fyrir áætlun um endurmenntun (framhaldsmenntun) starfsmanna?

Hefur skólinn tryggt fjármuni til að framkvæma eflingu starfsþekkingar skv. eigin ááætlun?

Er því fylgt eftir að starfsmenn sækji markvissa símenntun í samræmi við þarfir skólans?

Samskiptasnið.

Eru samskipti stjórnenda og starfsmanna byggð á skipulagðri upplýsingamiðlun?

Er meðvitað samspil stjórnenda og starfsmanna varðandi ákvarðanatöku?

Liggur fyrir sýnileg vinnuleiðbeining varðandi meðferð kvartana eða ásakana um óviðunandi úrlausn eða framferði einstakra starfsmanna?

Liggur fyrir skilgreind sýn skólastjóra á því hvernig hann vill byggja upp traust samskipti?

Eru samskipti starfsmanna innbyrðis skipulögð og skilvirk?

Ríkir góður andi í félagsskap starfsmanna utan vinnutíma?